

Ed.

401. Frumvarp til laga

um tilraunastöð háskólans í meinafræði.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Að Keldum í Mosfellssveit skal starfrækja tilraunastöð, er vinni að rannsóknum á búfjársjúkdómum og öðrum skyldum verkefnum, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Stofnun þessi nefnist Tilraunastöð háskólans í meinafræði, og skal hún lúta læknaeild háskólans.

2. gr.

Forstöðumaður Tilraunastöðvar háskólans í meinafræði skal skipaður af menntamálaráðherra að fengnum tillögum læknaeildar háskólans og yfirdýralæknis Íslands.

3. gr.

Við stofnunina starfi 3 sérfræðingar auk forstöðumanns. Skal einn þeirra vera einafræðingur. Skulu þeir skipaðir af menntamálaráðherra að fengnum tillögum læknaeildar, forstöðumanns tilraunastöðvarinnar og yfirdýralæknis. Forstöðumaður á sæti og atkvæðisrétt á fundum læknaeildar.

4. gr.

Forstöðumaður tekur laun eftir 5. flokki launalaga, en aðrir sérfræðingar samkvæmt 6. flokki. Laun annarra starfsmanna ákveðast af forstöðumanni, að fengnu samþykki fjármálaráðuneytisins.

5. gr.

Menntamálaráðherra setur, að fengnum tillögum læknaeildar háskólans og tilraunaráðs búfjarræktar, reglugerð um starfsemi og starfssvið tilraunastöðvarinnar.

6. gr.

Ákvæði laga nr. 64 7. maí 1940 gilda ekki um stofnun þessa.
Lög nr. 86 10. október 1946 eru úr gildi numin.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.